



MOOC-námskeið og vendikennsla

Eiríkur Rögnvaldsson
Háskóla Íslands



Efni kynningarinnar

- Tvenns konar tilraunir með nýja kennsluhætti
 - í tveim námskeiðum í íslensku á vormisseri 2014
- Nýting opins vefnámskeiðs (MOOC)
 - í námskeiðinu **ÍSL701M, Tölvur og tungumál**
 - 10e millistignámskeið í íslenskri málfræði
- Vendikennsla – fyrirlestrar teknir upp fyrir fram
 - í námskeiðinu **ÍSL209G, Málkerfið – hljóð og orð**
 - 10e grunnnámskeið (2. misseri) í íslensku BA



ÍSL701M Tölvur og tungumál

- Tilgangur námskeiðsins er að kynna fyrir nemendum hvernig tölvur eru notaðar við greiningu og meðferð tungumálsins og hvernig tungumálið er notað innan tölvu- og upplýsingatækni.
- Fjallað verður um vélræna mörkun orða og þáttun setninga, einræðingu merkingar, leiðréttingarforrit, talkennsl, talgervingu, tíðniathuganir o.fl. Nemendur verða þjálfaðir í notkun einfaldra málvinnsluforrita. Einnig verða ýmis málleg gagnasöfn kynnt og skoðað hvernig megi nýta þau til að afla margskonar upplýsinga um tungumálið. Íslensk verkefni á sviði máltækni og mállegra gagnasafna verða kynnt sérstaklega.
- Kennslan fer fram í fyrirlestrum og æfingatímum. Nemendur fá margvísleg verkefni til úrlausnar og skila úrlausnum ýmist munnlega í tímum eða skriflega.



Hæfniviðmið námskeiðsins

- Í lok námskeiðsins eiga stúdentar að:
 1. skilja grunnforsendur vélrænnar greiningar á rituðu og töluðu máli og átta sig á vandkvæðum við slíka greiningu;
 2. þekkja helstu rafræn gagnasöfn á sviði málfræði og máltækni, bæði innlend og erlend, og átta sig á gildi þeirra við málrannsóknir;
 3. þekkja grunnforsendur vélrænna þýðinga og átta sig á möguleikum og takmörkunum þýðingarforrita;
 4. geta unnið margvíslegar upplýsingar úr mállegum gagnasöfnum og túlkað þær;
 5. geta notað einföld forrit til að gera athuganir á mállegum gögnum.
- Stúdentar á meistarastigi eiga enn fremur að:
 6. þekkja og skilja muninn á fræðilegri málfræði og gagnamálfræði og geta borið þetta tvennt saman á sjálfstæðan hátt;
 7. geta notað málleg gagnasöfn og máltækni hugbúnað til að gera sjálfstæða og frumlega rannsókn á tilteknu atriði í íslensku máli.



Kennsluáætlun: Skipulag og kennsluaðferð

- Inn í námskeiðið verður fléttað netnámskeiðið *Corpus linguistics: method, analysis, interpretation* (<https://www.futurelearn.com/courses/corpus-linguistics>) frá Lancaster University í Bretlandi, og er nauðsynlegt að nemendur séu skráðir í það námskeið. Kennsla í því hefst 27. janúar og stendur í 8 vikur. Þar til það hefst (í tvær vikur) og eftir að því lýkur (í þrjár vikur) verður *Tölvur og tungumál* kennt tvisvar í viku í stofu, á þriðjudögum kl. 13:20-14:50 og á fimmtudögum kl. 11:40-13:10. Meðan á netnámskeiðinu stendur verður aðeins fimmtudagstíminn kenndur, en þó kennsluhlé í 7. viku.
- Kennslan fer að mestu fram í fyrirlestrum, ýmist í kennslustofu eða á netinu (í námskeiðshlutanum *Corpus linguistics*). Meðan á netnámskeiðinu stendur er ætlunin að nýta tímann í stofunni m.a. til að tengja viðfangsefni vikunnar við íslenskt efni. Einnig er hægt að nýta fimmtudagstímana til umræðna um viðfangsefni vikunnar.



Netnámskeiðið (MOOC) Corpus Linguistics

- Námskeið frá Lancaster University gegnum FutureLearn
 - „Offers practical introduction to the methodology of corpus linguistics for researchers in social sciences and humanities“
- Forkröfur:
 - „Other than an interest in the study of language, there are no requirements to join this course“
- Námskeiðið stóð í 8 vikur, 27. janúar – 21. mars
 - fyrirlestrar, fjölvalsspurningar, lesefni, umræðuþræðir, hugbúnaður, gögn, samtöl fræðimanna, aukafyrirlestrar ...
- Kennari: Prófessor Tony McEnery
 - einn fremsti og þekktasti fræðimaður heims á sínu sviði
 - auk fjölda annarra fyrirlesara og aðstoðarkennara




Miðmisseriskönnun – umsagnir nemenda

- Hvað telur þú að hafi heppnast vel í þessu námskeiði?
 - Vel heppnað í alla staði.
 - Efnið er áhugavert.
 - Mjög spennandi námskeið þar sem eru farnar ótroðnar slóðir. Mikill sveigjanleiki og áhersla lögð á að nemendur fái það út úr námskeiðinu sem þeir kjósa helst.
 - Vel skipulagt námskeiði og nýjar leiðir farnar. Góður kennari.
 - Það er frábært að fá upptökur af öllum tímum.
- Hvað telur þú að bæta megi í þessu námskeiði?
 - Þetta er mjög þungt námskeið.




Miðmisseriskönnun – einkunn námskeiðs

Gefðu námskeiðinu einkunn:
Dreifing einkunnna



Gefðu námskeiðinu einkunn:
Samanburður





ÍSL209G Málkerfið – hljóð og orð

- Þetta er grundvallarnámskeið í íslenskri hljóðfræði, hljóðkerfisfræði, beygingarfræði og orðmyndunarfræði
- Farið verður í grundvallaratriði hljóðeðlisfræði og íslenskrar hljóðmyndunar og nemendur þjáfaðir í hljóðritun
- Helstu hugtök í hljóðkerfisfræði verða kynnt og gefið yfirlit yfir hljóðferli í íslensku og skilyrðingu þeirra
- Einnig verða grundvallarhugtök orðhlutafræðinnar kynnt og farið yfir helstu orðmyndunarferli í íslensku og virkni þeirra
- Málfræðilegar formdeildir verða skoðaðar, beygingu helstu orðflokka lýst og gerð grein fyrir beygingarflokkum og tilbrigðum



Hæfniviðmið námskeiðsins

- Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að
 - kunna skil á grundvallatriðum og hugtökum í hljóðfræði, hljóðkerfisfræði og orðhlutafræði
 - kunna skil á helstu hljóðferlum í íslensku og skilyrðingu þeirra
 - kunna skil á málfræðilegum formdeildum og beygingarflokkum í íslensku
 - kunna skil á helstu orðmyndunarferlum í íslensku
 - hafa góða yfirsýn yfir íslenskt hljóðkerfi, beygingarkerfi og orðmyndun
 - geta hljóðritað íslenskan texta samkvæmt alþjóðlega hljóðritunarkerfinu
 - geta lýst íslensku hljóðkerfi, beygingu og orðmyndun með skírskotun til fræðikenninga og líkana
 - vera færir um að fást við íslenska hljóðfræði, hljóðkerfisfræði og orðhlutafræði á sjálfstæðan og skipulegan hátt við lausn fræðilegra og hagnýtra viðfangsefna
 - geta lesið fræðilegar greinar um efni sem tengist námskeiðinu



Kennsluáætlun: Skipulag og kennsluaðferð

- Í námskeiðinu verður beitt vendikennslu. Fyrirlestrar eru teknir upp fyrir fram og settir inn á Uglu. Gert er ráð fyrir að nemendur hlusti og horfi á fjóra fyrirlestra vikulega, að meðaltali tæpan hálf tíma hvern. Tvöfaldur tími er svo í hádeginu á miðvikudögum. Mikilvægt er að nemendur séu búnir að horfa og hlusta á fyrirlestra vikunnar fyrir tímarnum.
- Tímarnir verða notaðir til að
 - fara yfir ýmis atriði í verkefnum sem nemendur hafa skilað fyrir í vikunni
 - fara yfir valin atriði í fyrirlestrum vikunnar
 - ræða spurningar nemenda um viðfangsefni vikunnar
 - fara yfir næsta skilaverkefni
 - skoða forrit og vefsíður



Síða námskeiðsins á Uglu

Skjalageymsla

Uppfært : 09.04.14 11:30

Málkerfið – hljóð og orð

	Heiti	Lýsing	Höfundur	Síðast breytt
	Kennsluáætlun (5)			09.04.14 11:30
	Verkefni og úrlausnir (23)			04.04.14 9:21
	Kennslu- og hliðsjónarefni (9)			04.04.14 9:12
	Glærur (50)		Eiríkur ...	04.04.14 8:47
	Spurningar (48)		Eiríkur ...	04.04.14 0:01
	Hugbúnaður og hjálpargögn (11)		Eiríkur ...	02.04.14 20:49
	Myndbönd, hreyfilíkön og hljóddæmi (12)		Eiríkur ...	08.02.14 22:33
	Gagnasöfn og orðabækur (22)		Eiríkur ...	13.01.14 13:39
	Til gamans (11)		Eiríkur ...	06.01.14 9:24
	Fyrirlestrar (48)		Eiríkur ...	22.11.13 14:09



Hvað telur þú að hafi heppnast vel?

- Kennarinn (Eiríkur Rögnvaldsson) er með nýja kennsluhætti og mér finnst þeir mjög vel heppnaðir. Gott að geta hlustað á fyrirlestrana fyrir tímana. Verkefnin eru góð. Ég tel mig hafa náð ágætlega utan um námsefnið.
- TÍU PLÚS. Strax í upphafi annar (og raunar mun fyrr) voru allir fyrirlestrar og allt námsefni komið inn á Ugluna, allt mjög vel skipulagt. Það er frábært að hafa fyrirlestrana upptekna og allar glærur með. Mun þægilegra að glósa þegar hægt er að stoppa lestur inn á milli, spóla til baka, ráða því magni sem maður hlustar á í einu... o.s.frv. ... ég get varla lýst ánægju minni með þetta fyrirkomulag nógu vel. Hádegistímarnir á miðvikudögum nýtast líka mjög vel og eru nauðsynleg viðbót við heimalærdóminn, sérstaklega fyrir verkefnavinnuna. Námsefnið er þyngra en ég átti von á en öll umgerð kennslunnar hjálpar að gera námið auðveldara, a.m.k. er kennsluefnið eins skýrt og skipulagt og mögulegt er og fyrirlestraupptökur mjög góðar. Vendikennsla er snilld :) takk Eiríkur.



Hvað telur þú að hafi heppnast vel?

- Gott að geta hlustað á fyrirlestrana heima. Góð kennsla, skýr stefna í náms-efninu og hvað er ætlast til að við kunnum. Gott að hafa hálfan tímann sem vinnutíma.
- Einstaklega frábært skipulag, kennarinn var kominn með alla fyrirlestra og glærur inn á Uglu í nóvember þótt námskeiðið hafi ekki byrjað fyrr en í janúar. Allt er útskýrt í þaula og á "imbaprúfan" hátt. Vikuleg verkefni hjálpa mik-
ið til við að læra námsefnið og lítið lesefni fyrir hverja viku hentar vel á móti fyrirlestrunum sem hlusta þarf á fyrir tímana. Mikill kostur að í verkefnaviku verður lagt fyrir stórt verkefni sem spannar viðfangsefnin sem fengist hefur verið við fram að verkefnavikunni, og þá séu þau umfjöllunarefni orðin frá. Viðfangsefnin eftir verkefnaviku og fram að lokaprófum komi fram á loka-
prófinu, en ekki það sem fjallað hefur verið um fram að verkefnavikunni.
- Kennarinn er í góðu sambandi við nemendur sína og fyrirkomulagið með að hlusta á fyrirlestra heima í gegnum tölvuna er mjög gott.




Hvað telur þú að bæta megi?

- Það mætti stytta fyrirlestrana eitthvað, stundum eru þeir heldur langir og maður er að eyða lágmark 2 klukkustundum bara í að hlusta á fyrirlestrana. Þeir eru sagðir eiga að koma í staðinn fyrir hinn tímann á móti (við mætum einungis einu sinni í viku) en það er undarlegt hlutfall að eyða lágmark 2 klst í efnið sem á að koma í staðinn fyrir 90 mínútna kennslustund sem felur í sér 10 mínútna pásu... s.s. lágmark 120 mínútur í stað 80 mínútna. Vikuverkefnin eru einnig mjög tímafrek svo það gefur augaleið að þetta námskeið er mjög tímafrekt miðað við önnur námskeið, ef litið er til þess að um er að ræða mjög samviskusaman nemanda (sem ég tel mig jú vera). Í stað lokaprófs á lokaprófstímanum myndi ég frekar vilja leysa annað svona verkefni á borð við þetta sem kemur í verkefnavikunni.
- Verkefnin mættu vera styttri en mjög gott að taka hluta af þeim í kennslustundum eins og undanfarið.




Miðmisseriskönnun – einkunn námskeiðs

Gefðu námskeiðinu einkunn:
Dreifing einkunnna



Gefðu námskeiðinu einkunn:
Samanburður






Samanburður við hliðstætt námskeið í fyrra


Vor 2014 – 28 þátttakendur

Gefðu námskeiðinu einkunn:
Dreifing einkunnna





Vor 2013 – 30 þátttakendur

Gefðu "Íslensk hljóðfræði og hljóðkerfisfræði" heildareinkunn
Dreifing einkunnna





Samanburður við önnur námskeið nú og í fyrra





Niðurstaða

- Báðar tilraunirnar tókust mjög vel
 - nemendur ánægðir með sveigjanleika og skipulag
- Æskilegt að vita meira fyrir fram um vefnámskeið
 - til að geta fléttað þau betur inn í eigin námskeið
- Undirbúningur vendikennslu mjög tímafrekur
 - en skilar sér ef námskeið er endurtekið
- Sjálfsagt að nýta báðar þessar aðferðir
 - en þær eiga vitaskuld misvel við



Takk fyrir áheyrnina!

eirikur@hi.is